

SAMTAL MILLI VERKA, HÖFUNDA OG TÍMABILA

Með sýningunni „Íslensk myndlist á 20. öld“ sem verður opnuð í Listasafni Íslands í dag er brugðið upp mynd af íslenskri listasögu á öldinni í grófum dráttum.

Þar gefur að líta allt frá málverkum brautryðjendanna, frumkvöðlum módernismans, til endurnýjandi verka SÚM-hreyfingarinnar og „nýja málverksins“.

YFIRLITSSÝNING sem ber yfirskriftina „Íslensk myndlist á 20. öld“ verður opnuð í Listasafni Íslands í dag. Þar verða sýnd verk í eigu safnsins eftir 38 listamenn. Sýningunni er ætlað að gefa gestum Listasafnsins kost á að öðlast yfirlit yfir margt það helsta sem unnið hefur verið í íslenskri myndlist um 100 ára skeið, og er í sýningarskrá gerð grein fyrir stefnum og straumum sem mótuðu íslenska myndlistarmenn, jafnframt því sem verk þeirra eru sett í innlent og erlent samhengi. „Sýningin spannar breitt tímabil, fjallað er um brautryðjendurna í upphafi aldarinnar, expressjónismann á fjórða áratugnum og afstraktlistina eftir stríð. Þá eru sýnd nokkur verk eftir myndlistarmenn sem talist geta fulltrúar þeirrar endurnýjunar sem varð í íslenskri listsköpun um 1965 með SÚM-hópnum og sýnum nokkra fulltrúa „nýja málverksins“ frá því um 1980. Það má því segja að sýningin feli í sér mjög „ágripskennt“ ágrip af íslenskri listasögu á 20.

öld,“ segir Ólafur Kvaran listfræðingur og forstöðumaður safnsins. „Hér er ekki markmiðið að gefa neina heildarmynd, til þess er húsnaðið einfaldlega ekki nógu stórt, heldur erum við aðeins að stikla á mjög grófum dráttum í listasögunni,“ bendir hann á.

Sýning í fimm hlutum

Sýningunni, sem ber yfirskriftina „Íslensk myndlist á 20. öld“, er skipt í fimm hluta. Sá fyrsti er kenndur við „Brautryðjendur í upphafi 20. aldar“ og eru verk þar eftir tvo fyrstu atvinnulistamenn sem störfuðu hér á landi, þ.e. Þórarín B. Þorláksson og Ásgrím Jónsson. Í hlutanum „Upphaf íslensks módernisma“ eru valin verk úr eigu safnsins eftir nokkra þá listamenn sem settu mestan svip á íslenska myndlist á fyrri hluta aldarinnar og áttu mestan þátt í að innleiða hér myndmál módernismans. Er þar um að ræða verk eftir Jóhannes S. Kjarval, Jón Stefánsson, Kristínu Jónsdóttur, Júlíönu Sveinsdóttur, Finn Jónsson, Jón Þorleifsson, Gunnlaug Blöndal, Ásmund Sveinsson, Snorra Arinbjarnar, Gunnlaug Scheving,



Kristín Jónsdóttir (1888–1959): „Við þvottalaugarnar“, 1931.

Jóhann Briem og Jón Engilberts.

Í sýningarhlutanum „Abstraktlist“ eru sýnishorn af verkum þeirra listamanna sem hurfu frá hlutbundinni myndlist á stríðsárunum, en einkum þó eftir síðari heimsstyrjöldina. Myndlist þeirra endurspeglar umbrotatíma stríðsáranna á Íslandi og aukin tengsl íslenskra listamanna við umheiminn eftir stríðið. Eru þar sýnd verk eftir Svavar Guðnason, Þorvald Skúlason, Sigurjón Ólafsson, Nínu Tryggvadóttur, Kristján Davíðsson, Valtý Pétursson, Ásgerði Búadóttur, Jóhannes Jóhannesson, Hörð Ágústsson, Guðmundu Andresdóttur, Karl Kvaran, Hjörleif Sigurðsson og Gerði Helgadóttur.

„Nýraunsæi áttunda áratugarins“ er umfjöllunarefni fjórða sýningarhlutans, og er þar að finna verk fulltrúa þeirra nýju strauma í íslenskri myndlist sem komu fram á síðari hluta sjöunda áratugarins undir áhrifum frá popplisti, konseptlist og flúxushreyfingunni. Í verkum er horfið frá formhyggju eftirstríðsáranna til hins hlutbundna veruleika samtímans líkt og sjá má í verkum Magnúsar Pálssonar, Braga Ásgeirssonar, Jóns Gunnars Árnasonar, Errós, Kristjáns Guðmundssonar, Sigurðar Guðmundssonar, Hreins Friðfinnssonar og Magnúsar Tómassonar. Í fimmta og síðasta sýningarhlutanum eru sýnd þrjú verk eftir þrjá fulltrúa þess nýja og hlutbundna málverks sem fram kom upp úr 1980, og er þar um að ræða verk eftir Helga Porgílds Friðjónsson, Georg Guðna og Sigurð Árna Sigurðsson.

Safneign Listasafns Íslands telur um níu þúsund verk eftir íslenska og erlenda listamenn og leitast safnið við að veita almenningi aðgang að þeim listsögulega arfi með reglulegum sýningum á afmörkuðum hlutum safneignarinnar. Ólafur Kvaran bendir á að vandasamt geti verið að skipuleggja sýningar þannig að sögu og þróun myndlistarinnar á Íslandi séu gerð góð skil. „Meginmarkmiðið með þessari sýningu er að sýna ákveðið flæði í listasögunni frá aldamótum og fram til 1980. Þá skiptast á ákveðnir kaflar, og sýnum við fyrst og fremst fulltrúa þess. Takmarkað sýningarrýmið í safninu kallar á afmarkað val. Sýning á borð við þessa getur því ekki endurþeglað listasöguna eða safneignina með öllum sínum litbrigðum og margbreytileika. Hins vegar verður að gæta þess að sýningin



Karl Kvaran (1924–1989): „Orka“, 1978–79.



Jón Engilberts (1908–1972): „Kvöld í sjávarþorpi“, 1937.

verði ekki of ágripskennd, því þá segir hún ekkert. Við mörkum okkur áherslur vandlega út frá því rými sem við höfum og gætum þess að sýningin svari ákveðnum spurningum, eins og um upphaf íslenskrar landslagslistar um aldamótin, um expressjónismann á fjórða áratugnum, um abstraktlistina og SÚM-hreyfinguna,“ segir Ólafur. „Okkar viðleitni hér er að fjalla um meginkaflana í íslenskri listasögu á síðustu öld. En með hverri sýningu, og hverri samsetningu, verður jafnframt til ákveðið samtal milli verka, höfunda og tímabila. Það er þessi samburður og þetta samtal sem gerir yfirlitssýningar á borð við þessa kannski hvað mest spennandi,“ segir Ólafur að lokum.

Sýningin Íslensk myndlist á 20. öld stendur til 15. janúar og er safnið opið frá 11 til 17 alla daga nema mánudaga. Yfir hátíðarnar verður safnið lokað frá 20. desember til 2. janúar.

Metsölulisti Eymundsson

Bækur á íslensku



Höll minninganna
Ólafur Jóhann Ólafsson

Harry Potter og eldbikarinn
J.K. Rowling

Höfundur Íslands
Hallgrímur Helgason

Björg
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir

Harry Potter og leyniklefinn
J.K. Rowling

Af bestu lyst II
Ýmsir höfundar


Harry Potter og fanginn frá Azkaban
J.K. Rowling

Eyðimerkurblómið
Waris Dirie

Íslenskar eldstöðvar
Ari Trausti Guðmundsson

Kafeinn ofurbrók
og árás kokhraustu klósettanna
Dav Pilkey

Erlendar bækur



Journey
Danielle Steel

Final Target
Iris Johansen

A Darkness More Than Night
Michael Connelly

Killing Kind
John Connolly

The Cassandra Compact
Robert Ludlum og Philip Shelby

The Bonesetters Daughter
Amy Tan

The First Counsel
Brad Meltzer

Home for the Holidays
Johanna Lindsey

The Jury
Steve Martini

Looking Back
Belva Plain

Eymundsson
BÓKSALI FRÁ 1872